

Skýrsla stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir starfsárið 2016

Ég býð ykkur velkomin til fimmta ársfundar sjálfseignarstofnunarinnar Þekkingarseturs Suðurnesja sem er haldinn nú í maíbyrjun 2017. Hér verður gert grein fyrir starfsemi ársins 2016.

Stjórn Þekkingarseturs Suðurnesja er þannig skipuð árið 2016:

- Ólafur Þór Ólafsson er fulltrúi Sandgerðisbæjar og er stjórnarformaður
- Jóna Rut Jónsdóttir er skipuð af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Halldór P. Halldórsson er fulltrúi Rannsóknarseturs HÍ á Suðurnesjum
- Sverrir Guðmundsson er fulltrúi Keilis
- Björk Guðjónsdóttir er skipuð af Náttúrustofu Suðvesturlands

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi:

- Hólmfríður Skarphéðinsdóttir
- Þorvaldur Örn Árnason
- Rögnvaldur Ólafsson
- Hjálmar Árnason
- Ó. Sindri Gíslason

Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja er Hanna María Kristjánsdóttir.

Stjórnin fundaði fjórum sinnum á starfsárinu, utan ársfundar, og voru verkefni fjölbreytt. Þekkingarsetur Suðurnesja er með samstarfssamning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem gildir út árið 2017. Óskað hefur verið eftir endurnýjun samningsins. Setrið vinnur samkvæmt stefnu sem var samþykkt af stjórn í september 2014. Í henni er fjallað um gildi, leiðarljós, hlutverk og markmið setursins. Gildin eru rannsóknir, fræðsla og fagmennska og hvílir grunnur starfseminnar á þeim. Leiðarljósið sem vísar veginn er að Þekkingarsetrið sé miðstöð rannsóknastarfs og rannsakennda á sviði náttúrufræða og tengdra greina á Suðurnesjum. Hlutverk setursins er að stuðla að eflingu rannsókna, bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu til rannsókna og stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi. Markmiðin snúa að rannsóknum og þróun, háskólanámi og samþættingu þekkingarstarfs, símenntun og samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum.

Hér á eftir kemur umfjöllun um helstu þættina í starfsemi Þekkingarsetursins á síðasta ári.

Rannsóknir og þróun

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum eru stoðstofnanir Þekkingarsetursins og sjá að mestu leyti um rannsóknahluta þess. Áherslusviðin voru sem fyrr fuglafræði, sjávarlíffræði og eiturefnavistfræði.

Helstu verkefni Náttúrustofunnar voru rannsóknir á landnámi grjótkrabba við Ísland og aldursgreiningar krabba, rannsóknir á vistfræði fjara, rannsóknir á lífríki fjöru og sjávar í Arfadalsvík fyrir HS Orku, vöktun ýmissa fuglategunda, rannsóknir á fuglaflensu ásamt fiðrildavöktun og vöktun skólpmengunar á Suðurnesjum.

Helstu verkefni Rannsóknaseturs HÍ voru áframhaldandi rannsóknir á áhrifum olíumengunar á sjávarlífverur á norðurslóðum, rannsóknir á grjótkrabba og fleiri skeldýrum við Ísland, rannsóknir á evrópska humrinum, rannsóknir á heilbrigði fugla í tengslum við fuglaflensurannsóknir og söfnun svampa og annarra botnfastra sjávarhryggleysingja í samstarfi við Lyfjafræðideild HÍ svo eitthvað sé nefnt.

Rannsóknaaðstaða Þekkingarsetursins var vel nýtt á árinu. Blautrýmin tvö voru í fullri notkun allt árið, það minna hýsti rannsókn á evrópska humrinum og það stærra var notað af Stofnfiski til hrognkelsaframleiðslu fyrir erlend laxeldi. Stofnfiskur setti auk þess upp viðbótaraðstöðu í geymslurými setursins með rennandi sjó og bætti við nýrri borholu. Þetta er vegleg viðbót við þá rannsóknaaðstöðu sem fyrir er og á eftir að koma sér vel.

Erlendir vísindamenn og ýmsir hópar nýttu aðra aðstöðu Þekkingarsetursins vel og fjölgaði gistinóttum vísindamanna lítillega frá árinu áður.

Þekkingarsetur Suðurnesja, ásamt stoðstofnunum þess, hefur frá árinu 2014 verið aðili að INTERACT sem er alþjóðlegt net rannsóknastöðva á norðlægum slóðum. Meginhlutverk þess er að byggja upp aðstöðu og þekkingu til að skilgreina og bregðast við umhverfisbreytingum á norðlægum slóðum. Í aðild Þekkingarsetursins að INTERACT felast margskonar tækifæri fyrir starfsemi og rekstur setursins og stoðstofnana þess, auk samstarfsmöguleika við fjölmarga erlenda vísindamenn og rannsóknastofnanir á norðurslóðum. Sótt var um styrk úr Horizon 2020 sjóði Evrópusambandsins til áframhaldandi starfs samtakanna í fyrra og fengu þau úthlutað úr sjóðnum á síðari hluta árs. Þekkingarsetrið er nú orðinn fullgildur meðlimur í samtökunum sem þýðir að erlendir vísindamenn geta sótt um að dvelja í setrinu við rannsóknir í gegnum styrk frá INTERACT. Spannandi verður að sjá hver aðsóknin verður á næstu árum en þess utan byggir aðildin upp gríðarlega stórt tengslanet fyrir setrið og stoðstofnanir þess.

Háskólanám og sambætting þekkingarstarfs

Fjórði ársfundur þekkingarsetra og sambærilegra stofnana átti að fara fram í október í fyrra en seinkaði fram í desember. Svo fór að fresta þurfti fundinum vegna veðurs og fór hann ekki fram fyrr en í febrúar á þessu ári hjá Þekkingarneti Þingeyinga á Húsavík. Stefnt er að öðrum fundi í október á þessu ári hjá Austurbrú á Egilsstöðum. Þekkingarsetur og sambærilegar stofnanir er að finna víðsvegar um landið. Það elsta var stofnað árið 2003 á Húsavík og síðan bættust þau við eitt af öðru á Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi. Þekkingarsetur Suðurnesja er í hópi yngstu setranna ásamt Þekkingasetrinu á Blönduósi og Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Setrin eru í dag átta talsins.

Þekkingasetrið er formlegur aðili að Reykjanes jarðvangi en samstarf við jarðvanginn hefur verið talsvert og vaxandi. Hann er nú kominn með alþjóðlega vottun sem jarðvangur og starfar því undir verndarvæng UNESCO eins og aðrir jarðvangar með sömu vottun.

Ár hvert koma hingað nemendahópar frá líffræðideild Háskóla Íslands þar sem verkleg kennsla í nokkrum námskeiðum fer fram í rannsóknastaðstöðu Þekkingarsetursins, á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. Í fyrra komu nemendur í vistfræði hingað til náms. Halldór Pálmar, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ, og Sindri Gíslason, forstöðumaður Náttúrustofunnar kenna hvor um sig nokkra áfanga við Háskólann. Meistara- og doktorsnemar sem unnu að lokaverkefnum sínum hjá Þekkingasetrinu á árinu voru 6 talsins og auk þeirra unnu 3 að BS verkefnum sínum. Það er áhyggjuefni að vegna aðhaldsaðgerða hjá Háskóla Íslands hefur dregið úr því að nemendahópar komi til Háskóla Íslands Suðurnesja og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun.

Símenntun og samstarf við aðrar menntastofnanir

Árið 2016 bauð Þekkingasetrið upp á fjögur námskeið í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Samstarfinu er þannig háttað að setrið skipuleggur og heldur námskeiðin en MSS sér um markaðssetningu og skráningu á þau. Námskeiðin voru: Tálgun fyrir byrjendur, Íslenskar lækningajurtir, Gæsaflautun og Skinnsútun. Tvö þeirra, Tálgun fyrir byrjendur og Skinnsútun, féllu því miður niður vegna dræmrar þátttöku. Til viðbótar bauð Eydís Mary Jónsdóttir upp á sölvatínslu sem auglýst var á miðlum setursins.

Á árinu 2015 samþykkti stjórn að Þekkingasetrið tæki að sér að vinna verkefni vegna úrbóta í menntamállum í tengslum við Sóknaráætlun Suðurnesja á vegum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Verkefnið felur meðal annars í sér ýmsar aðgerðir til að draga úr brotthvarfi nemenda, náms- og starfsgreinakynningar fyrir nemendur, aukið samstarf menntastofnana við atvinnulífið og mótun stefnu innan grunnskólanna í málefnum bráðgerra nemenda. Í fyrra var unnið að ýmsum hugmyndum og verkefnum til að stuðla að minna brotthvarfi nemenda, verkefnið var kynnt fyrir fulltrúum atvinnulífsins á svæðinu og starfsgreinakynning fyrir grunnskólanemendur var skipulögð. Kynningin var haldin 11. október og tókst mjög vel. Hún var sú langstærsta sem haldin hefur verið hér á Suðurnesjum, og þó víðar væri leitað, en þar voru kynntar tæplega 100 ólíkar starfsgreinar. Yfir 600 nemendur í 8. og 10. bekkjum grunnskólanna á svæðinu sóttu

kynninguna ásamt nýnemum úr FS, þátttakendum Fjölsmiðjunnar og fleiri minni hópum. Verkefnið heldur áfram í ár og nú þegar hefur vel heppnuð námskynning fyrir nemendur í 9. og 10. bekkjum á svæðinu verið haldin.

Sýningar, heimsóknir og uppákomur

Hin glæsilega sýning *Heimskautin heilla* þar sem fjallað er um ævi og starf franska vísindamannsins Jean-Baptiste Charcot hefur nú staðið í nokkur (10) ár. Sýningin er samstarfsverkefni Sandgerðisbæjar, Háskóla Íslands, Þekkingarseturs Suðurnesja og fjölskyldu Charcot. Í nokkurn tíma hefur verið unnið að samkomulagi um umsjón og rekstur sýningarinnar en því verkefni er ekki lokið. Vonandi næst að klára það verk nú á árinu 2017. Þann 16. september 2016 voru 80 ár liðin frá strandi rannsóknaskipsins Pourquoi-Pas? og dauða Charcot. Af því tilefni kom hópur frá Franska sendiráðinu, Vináttufélagi Charcot og Háskóla Íslands í heimsókn á sýninguna. Sýningunni voru færðar góðar gjafir, meðal annars frá frú Vallin-Charcot, barnabarni Charcot sjálfs, sem eru dýrmæt viðmót við þessa glæsilegu sýningu.

Auk sýningarinnar um Charcot er ýmislegt annað forvitnilegt að sjá hér í Þekkingarsetrinu. Þar má nefna spennandi náttúrugripasýningu þar sem eru lifandi sjávardýr og rannsóknaraðstaða fyrir börn sem býður upp á spennandi kosti fyrir skólahópa. Sýningin "Huldir heimar hafsins - ljós þangálfanna" eftir Katrínu Þorvaldsdóttur og Eydísi Mary Jónsdóttur og samstarfsfólk þeirra er á neðri hæð setursins. Þá er að finna í Þekkingarsetrinu ýmsa muni sem hafa sögulegt gildi og margar merkilegar ljósmyndir sem flestar eru teknar af Reyni Sveinssyni, starfsmanni Þekkingarsetursins og forstöðumanni Fræðasetursins til margra ára. Gaman er að geta þess að Reyni voru veitt þakkarverðlaun ferðapjónustunnar á Vetrarfundi Markaðsstofu Reykjaness í fyrra.

Þekkingarsetrið tók þátt í Safnahelgi á Suðurnesjum og Sandgerðisdögum með ókeypis aðgangi að sýningum. Mörg hundruð gestir heimsækja sýningarnar á þessum dögum á hverju ári og var árið í fyrra engin undantekning. Heildarfjöldi gesta Þekkingarsetursins mætti þó vera meiri á ársgrundvelli og þá sérstaklega fjöldi erlendra ferðamanna.

Starfsmannahald, fjármál og styrkir

Í dag starfa 4 starfsmenn í Þekkingarsetri Suðurnesja í 3 stöðugildum.

Árið 2016 fékk Þekkingarsetrið þrjá styrki:

Tvær milljónir króna úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til vinnslu fuglaskoðunarkorts af Reykjanesi. Verkefnið er unnið í samstarfi við Reykjanes jarðvang, Markaðsstofu Reykjaness og Náttúrustofu Suðvesturlands og verður kynnt betur hér á eftir.

Hálf milljón króna úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til reksturs sýninga sumarið 2016.

250.000 kr. úr Samfélagssjóði Landsvirkjunar til eiturefnavöktunar með nákuðungum, en sú vinna er hluti af stærra verkefni á vegum Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum.

Stjórn Þekkingarsetursins samþykkti rekstraráætlun fyrir árið 2017 á fundi sínum í nóvember 2016. Áætlaðar tekjur ársins eru um 37,5 milljónir króna og útgjöld um einni milljón króna lægri. Tæplega helmingur teknanna kemur frá ríkissjóði eða 17 milljónir króna. Eftirstöðvar rekstarafgangs eru settar í sjóð til að standa straum af óvæntum fjárútlátum.

Lokaorð

Ég flyt hér í dag mína síðustu skýrslu sem formaður stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja, í bili í það minnsta. Þessi þrjú ár sem ég hef verið stjórnarformaður hafa verið ánægjuleg og lærdómsrík fyrir mig persónulega. Þó vissulega fylgi viss söknuður því að hverfa frá þessum vettvangi þá er líka stolt sem fylgir því að hafa fengið að vera hluti að starfseminni hér og ánægjulegt að vita að það er öflugur einstaklingur sem er að taka við formennsku.

Starfsemi Þekkingarseturs Suðurnesja er mikilvæg fyrir Sandgerðinga sem og Suðurnesjamenn og landsmenn alla. Innan þessara veggja fer fram vísindastarfsemi á heimsælikvarða og samfélagsleg ábyrgð okkar allra að tryggja að þessi starfsemi geti haldið áfram að vaxa og dafna

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn og Hönnu Maríu Kristjánsdóttur forstöðumanni ánægjulegt samstarf á undanförunum árum. Megi þeim ganga sem allra best í störfum sínum fyrir Þekkingarsetrið í samstarfi við nýjan stjórnarformann, Fríðu Stefánsdóttur.

Ólafur Þór Ólafsson

Stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja